



Hjartans þakkir til allra fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

***Guðnýjar Sigríðar Kolbeinsdóttur
Hólabraut, Reykjadal,
er lést 18. febrúar sl.***

Björn J. Guðmundsson
Ragnheiður Björnsdóttir Jóhann Karlsson
Ásta Björnsdóttir Sigurjón Valdimarsson
Arna Jakobína Björnsdóttir Skúli Rúnar Árnason
G. Kolbeinn Björnsson Guðlaug J. Agústsdóttir
Birna Björnsdóttir.
Barnabörn og barnabarnabörn

Kæru lesendur og auglýsendur

Skilatími auglýsinga í Hlaupastelpunar er á þriðjudögum

kl. 15:00. 😊

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálf síðu er kr.2900.-m.vsk

Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk





Dansæfing



Dansæfing verður í **Ljósvefningabúð**,
föstudagskvöldið 20. mars frá kl.20:30-22:30.

Allir hjartanlega velkomnir

Miðaverði 500 kr

Stjórnin



Messa sem átti að vera
á Þóroddsstað 15 mars fellur niður.

Séra Þorgrímur.



Styrkir til lista- og menningarstarfs og íþróttá og æskulýðsstarfs

Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2015. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **9.apríl n.k.**

Styrkir til íþróttá og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá og æskulýðsstarfs á árinu 2015. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **9.apríl n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2014 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Félags- og menningarmálanefnd
Þingeyjarsveitar



Þingeyjarsveit

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 12. febrúar 2015 að auglýsa eftirfarandi tillögu að deiliskipulagi og samsvarandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Deiliskipulag svæðis fyrir þjónustustofnanir í landi Kárhóls.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir þjónustustofnanir í landi Kárhóls í Reykjadal í Þingeyjarsveit. Deiliskipulagssvæðið er 15,2 ha að stærð og þar verður starfrækt alþjóðleg rannsóknarstöð sem vinna mun að almennum vísindarannsóknum auk þess sem rannsókuð verða efri hvolf lofthjúps jarðar, m.a. norðurljós. Einnig er áætlað að reka þar gestastofu fyrir almenning til kynninga og upplýsinga um eðli norðurljósa. Í tillögunni er gert ráð fyrir nýbyggingu á þremur hæðum allt að 800 m² að stærð auk þess sem settir eru byggingarskilmálar fyrir allar byggingar á skipulagssvæðinu.

Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.

Samhliða ofangreindri deiliskipulagstillögu er auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Breytingin er gerð til samræmis við auglýsta deiliskipulagstillögu og nær til nýs þjónustusvæðis, **P-15**, í landi Kárhóls.

Tillöguupprættir með greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar, frá og með föstudeginum 13. mars 2015 með athugasemdarfresti til og með föstudeginum 24. apríl 2015. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://www.thingeyjarsveit.is>, skipulagsauglýsingar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 24. apríl 2015. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykktir.

Bjarni Reykjalin
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar.



Föstukvöld í Þorgeirskirkju

Föstukvöld verður haldið í Þorgeirskirkju sunnudagskvöldið 22. mars kl. 20.30 (ath. breytta tímasetningu). Kirkjukórar í Þingeyjarsýslu sameinast í söng undir stjórn Margrétar Bóasdóttur söngmálastýru Þjóðkirkjunnar og organista á svæðinu. Prestarnir Þorgrímur Daníelsson og Bolli Pétur Bollason flytja hugleiðingar. Verið velkomin!

Vatnslitanámskeið í Mývatnssveit

Menningarfélagið Gjallandi mun standa fyrir vatnslitanámskeiði í Grunnskólanum í Reykjahlíð dagana 28. og 29. mars næstkomandi. Námskeiði hentar byrjendum sem lengra komnum, kennslan verður sniðin að hverjum nemanda fyrir sig. Farið verður í grunnþætti vatnslitamálnar, lítafræði, landslag og kyrrlífsmyndir, svo eitthvað sé nefnt. Innifalið í námskeiði eru penslar, málning, pappír og annar búnaður. Námskeiðið hefst kl. 09.00 báða dagana og boðið verður upp á léttan hádegisverð. Kennari er Þórunn Inga Gísladóttir myndlistarkona. Námskeiðsgjald er 20.000 krónur en félagsmenn í Gjallanda fá 25% afslátt. Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á gjallandi@gjallandi.is eða hringja í Bjarna í síma 861-0058. Nánari upplýsingar verða birtar á www.gjallandi.is. Stjórnin





Karlakórinn Hreimur



&

Ljótu hálfvitarnir



Stjórnandi
Steinhófr Prinsæson



Umfjallur
Steinnur Halldórsson

Vorfagnaður Karlakórsins Hreims verður að Ýdöllum Aðaldal laugardaginn 11. apríl kl. 20.30.

Gestir og veislustjórar eru Ljótu hálfvitarnir.

Kaffihlaðborð verður á sínum stað og dansleikur á eftir.

Músteyri 5.000 kr. Ferska aðgönguárita og aðgönguárita á Hlímsvirkjun
Toppuzum á Hlímsvirkjun – sími 404 2131 og í Dalakirkjunni á Langura – sími 404 2044.



10.tbl.
12. mars
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Árshátíð Stórutjarnaskóla

Árshátíð Stórutjarnaskóla verður haldin
föstudagskvöldið 13. mars og hefst kl 20:30

*Grunnskólanemendur sýna leikritin
"Forsetaheimsóknin" og "Hrói Höttur" en elstu
nemendur leikskóla og yngstu nemendur grunnskóla
sýna verkið "Árstíðir" – ýmis ljóð eftir Þórarinn
Eldjárn*

**Aðgangur kr 2000- veitingar innifaldar
frítt fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri**

Sjoppa og dans á eftir
Allir hjartanlega velkomnir

Nemendur og starfsfólk